


Sunnudagur 18. desember 1977 — 42. árg. 284. tbl.



Guðrún Kaldal. Þetta er ein þekktasta ljósmynd Kaldals og fékk verðlaun á stórrí ljósmyndaþýningu á Bretlandseyjum á sínum tíma.

Jóhannes S. Kjarval. Hann var daglegur gestur á ljósmyndastofu Kaldals og myndir af honum hafa borið hróður hennar víða.

# MYNDIRNAR TALA

Ljósmyndastofa Jóns Kaldals er einn af þessum föstu punktum í tilveru gamla miðbæjarins. Hún hefur verið starfrækt frá 1925 og allir Reykvikingar þekkja Jón. Vinnustofa hans að Laugavegi 11 var um langt árabil eins konar miðstöð listamanna og þar áttu góðir oft brýnu saman. Jón tók myndir af þeim öllum og margar þessar myndir hans eru hrein og bein myndlist. Ljósmyndarar meta Jón að verðleikum. Honum hefur t.d. verið boðið að verða heiðursgestur á ljósmyndaþýningu næsta vor, sem haldin er undir jafninu LJÓS. Jón er nú hættur að ljósmynda, enda hefur hann ekki verið heilsuhraustur að undanförunu og liggur reyndar á sjúkrahúsi um þessar mundir. Ingibjörg dóttir hans, sem er hámenntuð í greininni, hefur tekið við ljósmyndastofunni. Eiginkona Jóns, Guðrún Kaldal, kynntist manni sínum fyrst þegar hún byrjaði að vinna hjá honum sem ung stúlka og kann frá mörgu skemmtilegu að segja af vinnustofunni. Því fékk Þjóðviljinn hana til að sýna sér myndir Jóns frá liðnum árum og segja svoltíð frá.


—Fyrir Jóni hefur ljósmyndundin bæði verið tómstundagaman og atvinna, segir Guðrún. Það er nú

## Heimsókn á ljósmynda- stofu Jóns Kaldals

heil sólar saga að segja frá því öllu og það er margt spaugilegt sem hefur komið fyrir hér á stofunni.

— Jón hefur menntast vel í sinni grein?

— Já, hann lærði fyrst hjá Karli Ólafssyni í Reykjavík en sigldi svo til Hafnar og var þar m.a. hjá mjög frægum ljósmyndara, sem Elfeldt hét, og myndaði m.a. kóngafólk fyrir utan allt annað.



Kristján Davíðsson listmálari. Hinn opni og frjálsi listamaður, Jón Kaldal, er næmur á andblæ tímanna og myndin getur verið táknræn fyrir unga, róttæka listamenn á vissum tíma.

Mest lærði hann samt af sænskum ljósmyndara sem hét Jóhannsson og var snillingur í faginu. Þeir voru góðir félagar. Mér finnst stundum eins og Jón hafi lifað mörgum lífum. Hann er fæddur fyrir aldamót norður í Stóradal í Húnavatnssýslu og elst upp á höfðingjaheimilinu Löngumýri.

— Hvenær kom hann heim?

— Hann fór til Kaupmannahafnar 1918 og kom heim aftur 1925 og það var dálítið undarlegt hvernig það bar til. Jón rakst upp í fangið á Arna Björnssyni gullsmíð í Kaupmannahöfn og Arni segir við hann:

„Þetta nær ekki nokkurri átt að vera hér. Þú kemur bara heim!

Jón hafði ekkert hugsað sér að koma heim og sagði að sér líði ágætlega í Kaupmannahöfn. Svo náði það ekki lengra. Arni fór heim til Íslands og skömmu síðar fær Jón bréf frá honum þar sem hann segir honum að hann sé búinn að gera kaupsamning um ljósmyndastofuna að Laugavegi 11 — svo að Jón varð að gera svo vel að koma heim.

— Þú sagðir aðan að margt skemmtilegt hefði komið fyrir hér á stofunni?

— Já, einu sinni kom t.d. maður upp stigann með folald í fanginu og vildi fá mynd af því. Jón er

Framhald á næstu síðu